




UMSÖN/Telma Geirsdóttir MYNDIR/ Ewa Schram og Gunnar Sverrisson

SJÓNARSPIL Á EINSTÖKU HEIMILI

Í rólegri götu á höfuðborgarsvæðinu stendur vel byggt einbýlishús teiknað af arkitektunum Ara Þorleifssyni og Magnúsi Aðalmondssyni. Þrátt fyrir glæsileika hússins að utan er fátt sem býr mann undir það ótrúlega sjónarspil sem tekur á móti manni þegar inn er komið. Það er með öllu ljóst að hugað hefur verið að hverju einasta smáatriði en áferð, litir og munir endurspegla þá hrjúfu, íslensku náttúru sem flæðir inn um stóra gluggana. Heimilisfólkið byggði húsið frá grunni en fékk innanhússhönnuðinn Tobia Zambotti til liðs við sig á hárréttum tímavarki í ferlinu að hans sögn.





Ítalski innanhúshönnuðurinn Tobia Zambotti hefur gert það gott á Íslandi undanfarin ár en meðal verkefna sem hann hefur hannað eru ísbúðin í Perlunni og verslunin Casa. Hann útskrifaðist með B.A. í arkitektúr frá IUAV í Feneýjum árið 2014 og síðar lauk hann meistaraþrófi í innanhúshönnun frá Politecnico di Milano. Eftir að hafa unnið í Shanghai um nokkurt skeið flutti hann til Íslands í byrjun 2019 þar sem hann hefur búið allar götur síðan. Hann hefur unun af því að fara út fyrir þægindaramma fólks og hanna rými sem eru öðruvísi og áberandi.

EINSTAKT OG ÖÐRUVÍSI

„Ég hittir eigendurna hér fyrir um það bil einu og hálfu ári eftir að Skúli í Casa kynnti mig fyrir þeim. Það fyrsta sem ég sagði við þau var að ef þau vildu eitthvað klassískt og innan þægindarammans, þá væri ég ekki rétti maðurinn í verkið. Mér til mikillar ánægju meintu þau það samt alveg þegar þau sögðust vilja eitthvað einstakt og öðruvísi og úr varð mjög skemmtilegt samstarf,“ segir Tobia og nefnir að það sé alls ekki algengt að fá svona frjálsar hendur í verkefnum.

Eigendur hússins halda gjarnan stórar veislur, bjóða í vegleg matarboð og halda reglulega viðburði á heimilinu. „Frá upphafi vissi ég að ég þyrfti að skipta húsinu upp í tvö svæði, annars vegar frekar kósi svæði fyrir þau að hafa það huggulegt á heimilinu og hins vegar stórt og opið rými með nægu ljósi og stillanlegri lýsingu þar sem hægt væri að halda stórar veislur. Eitt aðalmarkmiðið var því að hafa þennan ákveðna vá-faktor í alrýminu án þess að missa sjónar á því að þetta er heimili.“

Húsið er 230 fermetrar og skiptist upp í tvö stór rými hvort sinu megin við gang þar sem inngengt er í tvö svefnherbergi og baðherbergi. „Stofan og eldhúsið er hannað með nútímalistagalleri í huga, mjög bjart og ljóst en um leið og maður fer hinum megin í húsið og inn í hobby-rýmið, þá ertu kominn í meiri ró og huggulegheit. Það er því mikill munur á milli rýma; ljóst á móti dökku og mismunandi áherstur í lýsingu,“ útskýrir Tobia. Aðspurður segir hann það hafa verið ljóst frá upphafi að eigendurnir treystu sýn hans algjörlega og að þar af leiðandi hafi fært gengið mjög smurt fyrir sig. „Folk treystir alltaf hönnuðunum sem það velur að vinna með en þrátt fyrir það er stærsti hluti vinnu minnar yfirleitt að finna málamiðlanir. Það er sjaldgæft að þurfa ekki að gera neinar slíkar sem hönnuður en það var þannig í þessu tilfalli og það var ótrúlega skemmtilegt.“

Sófaborðin Soda frá Miniforms, fást í S/K/E/K/K

KOM INN Í VERKEFNIÐ Á RÉTTUM TÍMA

Tobia hefur unnið fyrir margs konar kúnna og segir hann það algengast að innanhússhönnuðir séu fengnir inn til að setja punktinn yfir i-ö. „Ég myndi í raun segja að ég sé mitt á milli þess að vera arkitekt og innanhússhönnuður en oftar en ekki eru innanhússhönnuðir kallaðir inn í lokin. Í þessu tilfalli var ég ráðinn inn í byggingarferlinu og þó ég hafi þurft að vinna með þann ramma sem arkitektarnir höfðu teiknað upp þá kom ég inn nógu snemma í ferlinu að ég gat haft eitthvað um hlutina að segja. Það var til dæmis enn verið að þróa rafmagníð í húsinu og þá var hægt að taka með í reikninginn að ég vildi hafa 25 fermetra baktýst loft sem er auðvitað afar óvenjulegt í íbúðarhúsnæði. Það var grundvallaratriði að geta rætt það við rafvirkjana og fundið lausnir þannig.“

Í stofunni er allur loftflöturinn baktýstur en Tobia fékk ljóshönnuðinn Katerina Blahutova til liðs við sig til að útfæra hugmyndir sínar. „Ég þurfti aðstoð með allt þetta tæknilega svo ég hafði samband við Katerinu sem er einstaklega hæfileikarík og mjög gott að vinna með. Við höfðum ekki nema tíu sentimetrar dýpt á bak við dúkinn til að koma öllu kerfinu fyrir sem var mjög mikil áskorun enda er eðlilegt að hafa um 20-30 cm að vinna með. Það var því mjög mikilvægt að fá einhvern með mér sem gat gert allt þetta tæknilega rétt svo allt myndi koma heim og saman.“

Baktýsta loftið spannar allan loftflöt stofunnar en sitt hvoru megin við eru gluggar sem ná frá gólfu upp í loft. „Með þessu vildi ég í raun búa til nokkurs konar ljósaðöng þar sem allt rýmið er baðað ljósi og að þér líði eins og þú sért úti. Dúkurinn sem við notum í loftið er frá Barrisol og fæst hjá Exton. Þetta er í raun hljóðvistardúkur og við erum með þá í loftinu viðar á heimilinu þar sem við notum þá sem hljóðdempun og erum með innbyggða hátalara í loftið en í stofunni völdum við hvítan dúk sem lýsir í gegnum.“

„Ef þið viljið eitthvað klassískt og innan þægindarammans, þá er ég ekki rétti maðurinn.“





Lýsingin í stofunni er einstaklega mjúk og hermir fullkomlega eftir fallegri dagsbirtu. Hægt er að stilla lýsinguna eftir þörfum, bæði í styrk og hýleika en Tobia segir það hafa verið mikilvægt, sérstaklega með birtuskilyrði og breytileika íslenskra árstiða. „Það var alveg nauðsynlegt að hafa þessi atriði á hreinu og fara alla leið með öll þessi atriði eins og lýsingu og hljóðvist. Það var bæði það skemmtilegasta og flóknaða við þetta verkefni.“

HÖNNUN SEM KEMUR Á ÓVART

Þó lýsingin í stofunni sé einstök og vekji verðskuldaða athygli er það eldhúseyjan og krónan fyrir ofan hana sem fangar augað um leið og gengið er inn eftir gangi hússins. „Eldhúseyjan er sennilega ein merkasta hönnunin í húsinu. Ég hef að minnsta kosti aldrei séð neitt henni líkt í eldhúsi,“ segir Tobia og bætir við að eitthvað svona óvænt og einstakt gleðji hann. „Það er svo mikilvægt að geta komið fólki á óvart og sýna og sanna að það sé alveg hægt að vera aðeins villtari í hönnun, jafnvel í íbúðarhúsnæði. Við þurfum ekki að vera hrædd við að gera eitthvað öðruvísi. Við erum öll með mismunandi persónuleika og smekk og heimilið má enduspjega það. Það þarf ekki alltaf allt að vera eins.“


Eldhúsinnréttingin er sérhönnuð inn í rýmið og er frá ítalska merkinu Moblnt en flestallt í innbúinu er sérsmíðað af Moblnt, MeCubo eða Proma Interni sem eru allt hágæða ítölsk merki sem eru í samstarfi við Casa hér á landi. „Moblnt eru sérfræðingar í svokölluðum microcement eldhúsum en það er sama efnið og við notuðum á veggina. Það er Microcement by Stoopan & Meeus og fæst í Sérefnum. Stóru gólfplömsarnar á bæði ganginum og baðherberginu eru frá Inalco og fást í Casa. Þær eru 3,2x1,6 metrar og það var mikil nákvæmnsvinna að skera þær inn í rýmið“

Eigendur hússins hafa unun af því að bjóða heim í stærri veislur og matarboð og vildi Tobia heiðra eldamennsku með sannkölluðu krúnudjásni yfir eyjunni. „Krónan í eldhúsinu er frá spænsku fyrirtæki sem heitir Kriskadecor og ég sá mikla möguleika í þessari keðjuhönnun. Mig langaði að upphæfa og heiðra eldamennsku sem listform með nokkurs konar skúlptúr fyrir ofan eyjuna sem myndi einnig ramma hana inn. Ég vildi ekki hafa hefðbundnar hangandi ljósakrónur svo ég faldi í raun lýsinguna í þessum skúlptúr og er þannig með listaverk í stað ljósakrónu.“ Aðspurður út í litavalið segist Tobia hafa sérhannað munstrið í keðjunum og valið litina út frá listaverkinu sem hangir á móti eyjunni. „Það var ljóst að eigendurnir voru hrifnir af rauðum svo ég tók lit úr málverkinu til að vinna með og þannig líka gera þetta persónulegra.“

Eyjan sjálf er bæði stærri en gengur og gerist en einnig er hún sérstök í laginu. „Þessi tröppulögun gegnir ýmsum tilgangi. Hugmyndin var að þarna væri auðvelt að skapa rými fyrir uppstillingar, fallega rétti eða snittur og svo er jafnvel hægt að nýta þetta sem auka sæti. Það er líka hægt að nýta þetta sem baraðstöðu en það er samt smá bar innbyggður í innréttinguna til hliðar við eyjuna þar sem ég gerði upplýst flöskuborð og fina kaffiástöðu.“



Verstunin Casa og ísbúð Perlunnar.





BLÖRRUÐ LÍNA Á MILLI ÞESS SEM ER INNI OG ÚTI

Það er mikil tenging við náttúruna í rýminu og segist Tobia hafa nýtt sér það til hins ýrasta. „Þegar þú ert með svona stóra glugga þá er um að gera að nýta sér það á þennan hátt. Við ákváðum að taka náttúruna inn og blörra þannig línuna á milli inni og úti bæði með efna- og litavali, áferðum og húsgögnum. Það var til dæmis pælingin á bak við þessa frábæru mottu frá CC-TAPIS sem fæst í Casa. Hún er ótrúlega mjúk og áferðin er eins og að ganga berfættur á mosabreiðu.“ Þessi tenging við náttúruna var einnig hugmyndin á bak við viðarpanelana í anddyrinu og svefnherbergjunum sem og gólfplisunum og áferðum veggjanna. „Svo er borðstofuborðið í raun útihúsgagn en ég hugsaði bara af hverju ekki.“